

## Bændur og netið

Guðmundur Jóhannesson<sup>1</sup> og Jón Viðar Finnsson<sup>2</sup>

<sup>1</sup>Búnaðarsambandi Suðurlands (<mundi@bssl.is>)

<sup>2</sup>bóndi, Dalbæ 1, Hrunamannahreppi (<dalbaer1@mi.is>)

### INNGANGUR

Heimasíða Búnaðarsambands Suðurlands, [www.bssl.is](http://www.bssl.is), hefur nú verið starfrækt síðan á miðju ári 1998 eða í u.þ.b. 3 ½ ár. Á þessum tíma er fjöldi heimsókna kominn í um 75 þúsund sem þýðir að meðalfjöldi heimsókna er rúmlega 400 á viku hverri. Langmest er um heimsóknir innanlands en þar á eftir koma Bandaríkin og Danmörk.

### AF HVERJU HEIMASÍÐA?

Búnaðarsamband Suðurlands heldur úti heimasíðu til upplýsingamiðlunar um fyrirtækið og til bænda. Heimasíða er eitthver ódýrasti miðill sem til er í dag og nær til margra. Sérstaklega nýtist heimasíða dreifbýlinu og þar með landbúnaðinum vel. Hægt er að sinna ýmsum erindum eða nálgast upplýsingar hvenær sem er sólarhringsins sem ótvírætt hentar bændum vel. Gott dæmi eru þjónustuvefir bankanna (heimabankar). Þá er auðvelt og fljótlegt að koma upplýsingum á framfæri og sama gildir um allar breytingar sem verða. Gallinn er hins vegar sá að engin trygging er fyrir því að markhópurinn, notendur, fari inn á síðuna eða lesi það sem þar stendur. Eftirfylgnin getur verið erfiðleikum bundin. Kynna þarf heimasíður vel til að notendur viti af tilvist þeirra, t.d er sjálfsagt að vefslóðin sé kynnt á bréfsfnum fyrirtækja og sem víðast.

### HVERNIG NOTA BÆNDUR NETIÐ?

Þessari spurningu verður best svarað á þann hátt að bóndi segir sjálfur frá.

Dæmi um notkun bónda á netinu – Jón Viðar Finnsson:

“Netnotkun mín er aðallega varðandi landbúnað, t.d fer ég ekki á netið án þess að líta á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands, [www.bssl.is](http://www.bssl.is). Þar skoða ég bæði hvort eitthvað nýtt sé á döfinni eða á síðunni. Þá er ég áskrifandi að uppfærslum á nokkrum síðum og þar má nefna nautgriparæktarvef Bændasamtakanna, heimasíðu Landssambands kúabænda, [www.naut.is](http://www.naut.is), og Bændablaðinu sem reyndar mætti vera duglegra við uppfærslur. Oft er Bændablaðið komið til mín áður en það er komið á vefinn. Ég sækí fróðleik um tól og tæki varðandi landbúnað, einkum tækniupplýsingar á síðum framleiðenda og þar flýttir “búslóða”listinn á [www.bssl.is](http://www.bssl.is) mikið fyrir.

Gagnvirk notkun mín á netinu er helst sú að skil á mjólkurskýrslu eru netvædd gegnum Ískýr-forritið og einnig er heimilið tengt heimabanka. Bændavefur Mjólkurbús Flóamanna, [www.mbf.is](http://www.mbf.is), er í miklu uppáhaldi hjá mér og stundum skoða ég mínar síðar hjá Símanum, [www.siminn.is](http://www.siminn.is), ef ég vil t.d. vita stöðu símareikninga.

Afþreyingu hef ég ekki fundið á netinu enda leita ég ekki eftir henni.”

Á þessu má glöggt sjá að bændur nota netið við sinn atvinnurekstur. Þeir leita fyrst og fremst eftir fréttatengdu efni, faglegu efni og nota síðan netið til að sinna viðskiptum eins og bankaviðskiptum.

## HVER ER FRAMTÍÐIN?

Framtíðin í netvæðingu bænda er ótvírætt sú að hún á eftir að aukast. Símalínur og tengingar munu batna, sítenging (ADSL) verður víða að veruleika og flutningsgeta verður margföld á við það sem við þekkjum. Þetta opnar fyrir aukna möguleika í þróun heimasíðna og notkunar á netinu. Þetta form upplýsingamiðlunar hentar vel fyrir landbúnaðinn og því þarf verulegur hluti þess fjármagns sem ætlaður er til útgáfu að renna í þennan málaflokk. Gagnvirkni, hagræn not og nýtingu bænda á möguleikum netsins þarf að auka, bæði fljótt og vel. Í þessu sambandi má sjá fyrir sér:

- Skýrsluhald og skráning mun færast á netið, sbr. Worldfeng.
- Gagnagrunnar landbúnaðarins verða opnir á netinu.
- “Lifandi” heimasíður.
- Fjarnám, endurmenntun.
- Bankþjónusta o.fl. viðskipti.

Hér á eftir ætlum við að koma aðeins nánar inn á þrjú fyrst nefndu atriðin.

## SKÝRSLUHALD OG SKRÁNING, OPNIR GAGNAGRUNNAR

Í dag geta bændur sinnt mjög takmörkuðum hluta skýrsluhalds búanna á netinu. Uppflettimöguleikar á gögnum búanna eru einnig ákaflega takmarkaðir. Undantekningin frá þessu er Worldfengur, [www.worldfengur.com](http://www.worldfengur.com), þar sem notendur geta skráð sig inn og flett upp og skoðað nýjustu gögn á hverjum tíma. Aðrir gagnagrunnar eru lítt eða ekki aðgengilegir fyrir bændur/notendur og upplýsingamiðlun háð því að ákveðnar síður/töflur séu uppfærðar af umsjónarmönnum síðnanna. Það eru ekki vinnubrögð til framtíðar. Bóndinn/notandinn á að geta flett upp nýjustu gögnum sínum á hverjum tíma hvenær og hvar sem er í heiminum. Hann á einnig að geta skráð, leiðrétt eða breytt sínum gögnum. Til þess að ná sem mestum notum út úr hinum mörgu gagnagrunnum þurfa þeir að vera samtengdir og þar má sjá fyrir sér gagnagrunna eins og;

- skýrsluhaldsgögn,
- niðurstöður hey-, jarðvegs- og mjólkurefnagreininga,
- mjólkurvefi mjólkurbúanna,
- niðurstöður kjötmats úr sláturhúsum,
- sjúkdómagreiningar, meðhöndlunir, niðurstöður sýnatöku,
- einstaklingsmerkingar og búfjármörk,
- fasteignamat, landupplýsingakerfi og kortagrunn,
- skipulag jarða og sveitarfélaga
- og fleira.

Hér er ekki um að ræða tæmandi upptalningu enda er æskilegast að hún geti aldrei orðið það þar sem stöðug þróun á að vera raunin.

## “LIFANDI” HEIMASÍÐUR

Heimasíður hafa tekið miklum breytingum í hönnun og uppsetningu síðustu mánuði og jafnvel vikur. Stöðugt er leitað nýrra leiða til þess að gera þær aðgengilegri og einfaldari í notkun. Í dag er mun minna lagt upp úr glæsilegum forsíðum en áður og megináherslan færð yfir á upplýsingastreymið. Þetta sjáum við t.d. glöggt á

fréttasíðum, sbr. [www.mbl.is](http://www.mbl.is), og síðum eins og [www.bondi.is](http://www.bondi.is) og [www.landbunadur.is](http://www.landbunadur.is) þar sem fréttir og tilkynningar eru birtar á forsiðu.

Það er mikilvægt að heimasíður séu uppfærðar reglulega og séu í raun aldrei komnar í endanlegt form. Þær eiga að vera síbreytilegar, sveigjanlegar og mögulegt að móta þær eftir þörfum og eftirspurn notendanna. Það er einnig mikilvægt að heimasíður beri upplýsingarnar hraðar til notenda en hið prentaða mál.

#### LOKAORÐ

Hér hefur verið stiklað á stóru varðandi heimasíður fyrir bændur og landbúnað. Það væri auðveldlega hægt að nálgast málið á annan hátt og eflaust eru ekki allir sammála. Hins vegar ættu allir að geta verið sammála um mikilvægi þess að við nýtum okkur þessa tækni á markvissan hátt. Eigi það að verða raunin þarf aukna fjármuni til þróunar, kennslu og lagfæringa á tengingum dreifbýlisins.